

Tjaldsvæðisreiturinn Akureyri

Pórunnarstræti


Efni til yfirferðar

- Upplýsinga- og íbúafundur janúar 2023
- Tengsl við aðrar áætlanir
- Fyrstu drög að tillögu
- Tillaga í vinnslu
- Sólarstundir, dagsbirtugreining og vindgreining

Íbúafundur janúar 2023


Tjaldsvæðisreiturinn - í grendinni

- Gott aðgengi að grænum svæðum
- Gott aðgengi að almenningssamgöngum
- Nálægt við stígakerfi
- Nálægð við þjónustu
- Stutt vegalengd að miðbæ - 10 mínútna hverfið
- Góð sólaraskilyrði
- Sleðabrekka



Tjaldsvæðisreiturinn - sýn

Úr fábrotinni starfsemi yfir í fjölbreytta starfsemi á reitnum.



Tjaldsvæðisreiturinn inniheldur í dag:

- Krambúðin
- Berjaya hótél
- Skammtíma- og skólavistun fyrir fatlaða
- Bílastæði
- Grænt opið svæði



Tjaldsvæðisreiturinn mun innihalda fjölbreyttari starfsemi:

- Fjölbreyttar íbúðir
- Heilsugæsla
- Berjaya hótél
- Hverfisbúð
- Leiksvæði
- Sameinginglegt gróðurhús
- Fjölbreytt græn dvalarsvæði
- Stígakerfi sem tengir svæðið saman við umhverfið sitt

Íbúafundur


Niðurstöður frá íbúafundi í formi gulra merkimiða á spjaldi:

Við skráðum niður, ábendingar og hugmyndir frá fólki á fundinum, á gula merkimiða og límdum á spjöld með ljósmynd af svæðinu.






Hlutverk




Yfirbragð / einkenni

Umferð



Á skjön við aðalskipulag og stefnur



Hvernig byggð viltu sjá á tjaldsvæðisreitnum?

Hugmyndasöfnun:

- Hefur þú skoðun á hvaða íbúðagerðir og búsetuform myndu henta vel á svæðinu?
- Hvaða þjónustu, innviði eða aðstöðu telur þú að sé þörf á að hafa á svæðinu?
- Hvað finnst þér vanta í þínu nærumhverfi?
- Gætir þú hugsað þér að búa á reitnum og komast af án þess að eiga bíl?

Niðurstöður:

- 12 hugmyndir
- 32 umræður

Garður og aftur garður

Garður til ræktunar fyrir leik- og grunnskólabörn

Go kart

Þétt byggð með bílakjallara; litla klíník og matvöruverslun

Heilsugæsla á tjaldsvæðisreitnum ?

Stölluð byggð

Hundasvæði fyrir smáhunda

Tjaldsvæði

Fjölbýli fyrir 60 +

Þjónustusvæði: þjónustuíbúðir aldraða og búsetukjarni fyrir fatlaða

Skálleggjandi raðhús = Vanabyggð

Tengsl við aðrar áætlanir

Landsskipulagsstefna

Byggðamynstur í þágu lýðheilsu

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að bæta göngu- og hjólahæfi og auka hreyfingu í daglegu lífi.

Fjölbreytt og lifandi bæjarrými

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um bæjarrými og bæjahönnun í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að tryggja fjölbreytt og lifandi bæjarrými og góð tengsl á milli þeirra.

20 mínútna bæinn

Skipulagshugmyndin um 20 mínútna bæinn, eða 20 mínútna hverfið, er lögð til grundvallar áherslum í tillögu að landsskipulagsstefnu um byggðamynstur í þágu loftslagsmála.

Áherslur 20 mínútna bæjarins draga úr vegalengdum og ferðaþörf og eiga að gera sem flestum kleift að fara erinda sinna gangandi eða hjólandi. Lykilforsenda þess er að byggðin sé þétt og að íbúðir, vinnustaðir og þjónusta séu staðsett í nálægð hvert við annað.

Nærþjónusta dreifist víðar svo íbúar eigi kost á nauðsynlegustu þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, íþrótt- og tómstundastarfsemi og matvöruverslun innan 5–10 mínútna göngufjarlægðar.



Byggt á skýringarmynd um 20 mínútna hverfið í skipulagi Melbourne í Ástralíu.



Tjaldsvæðisreiturnir: 10 mínútna hverfið:


Skýringarmyndin að ofan sýnir vegalengdir sem hægt er að ná með 10 mínútna göngu (dökkgrænt) og 5 mínútna hjólatúr (ljósgrænt), frá Þórunnarstræti 99, miðað við stígakerfi dagsins í dag.

Heimild: smappen.com

Aðalskipulag Akureyrar 2018 -2030

Í júní 2021 var gerð breyting á aðalskipulagi Akureyrar sem m.a. nær til tjaldsvæðisreits við Þórunnarstræti þar sem landnotkun var breytt í miðsvæði og m.a. heimilt að byggja íbúðir á svæðinu.

- Verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýsla s.s. verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir, heilsugæsla og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem samræmist yfirbragði og eðli starfsemi á miðsvæði.
- 3,5 ha.
- 2 hæðir meðfram Byggðavegi
- 4 hæðir mögulega meðfram Hrafnagilsstræti og Þórunnarstræti, taki við af stærð og umfangi Þórunnarstræti 99 og Þingvallastræti 23



Landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 m.s.br.. Svæðið er afmarkað lauslega með hvítri línu

Stígakerfi Akureyrar - markmið og leiðir

Stuðla skal að bættem samgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Umferð gangandi vegfarenda verði ávallt sett í forgang við skipulag Akureyrarbæjar. Byggja skal upp skilvirkt, öruggt og aðlaðandi stígakerfi sem gerir íbúum kleift að sinna vinnu, daglegum erindum og frístundum allan ársins hring.




Deiliskipulagsáætlanir


Innan skipulagssvæðisins er í gildi deiliskipulagsáætlun:

- **DSK tjaldsvæðis við Þórunnarstræti, samþykkt 19.08.2010 m.s.br.**

Með gildistöku nýs deiliskipulags mun fyrra deiliskipulag falla úr gildi.



GILDANDI DEILISKIPULAG, SAMÞYKKT/STADFEST 19.08.2010, M.S.BR.



BREYTT DEILISKIPULAG

TJALDSVÆÐISREITUR VIÐ ÞÓRUNNARSTRÆTI - DEILISKIPULAG

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - HEILSUGÆSLA OG HÓTEL - TILLAGA

Forsendur fyrir deiliskipulagsbreytingu þessari er fyrirhuguð bygging heilsgæsla á svæðinu ásamt fyrirhuguðri vöðbyggingu við hóteli.

Breyting á deiliskipulagi felst eftirfarandi:

Almennt
 Skipulagsvæðil er stækkað til norðurs að lóðmörkum norðan Þingvallastrætis en með stækkuninni er aðliggjandi hluti Þingvallastrætis innan skipulagsvæðisins. Áætlað stækkunarlínur eru fyrirhuguðar breytingar á Þingvallastræti á þessu svæði þar sem meðal annars gert er ráð fyrir mörðvörðum og gönguþvörunum vegna fyrirhugaðra lóðstöðva strætisvagnu við gétuna. Stækkun skipulagsvæðisins er um 1.800 m².

Ekki er deiliskipulag í gildi fyrir það svæði sem stækkunir nær til.

Gert er ráð fyrir að gerð verði deiliskipulagsbreyting fyrir svæðið sunnan þessarar breytingar á næstu misserum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar þar samkvæmt gildandi aðskilpálgi þar sem reiturinn er skilgreindur sem þingvallarvæði fyrir íbúðabyggingu. Þar mun byggðavegur m.a. breytast áfram til suðurs í samræmi við þessa breytingu. Vegna tengislags auk þess sem tjaldsvæði verður felið út í gildi er Aðalskougur Akureyrar 2018-2030 þar sem svæðið er skilgreint sem mósavæði (M2) þar sem m.a. er gert ráð fyrir heilsgæslu og hóteli.

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðskilpálgi.

Þingvallastræti 21 (áður Þingvallastræti 23) - íbúðarhótel
 Númer lóðarinnar breytist úr Þingvallastræti 23 í Þingvallastræti 21 þar sem lóð heilsgæslu til vesturs (sjá meðal) fær númerið Þingvallastræti 23.

Lóð Þingvallastrætis 21 stækker til vesturs um 2.000 m², úr 3.966 m² í 5.966 m². Við stækkunina fylgir bílastæðum innan lóðar um 25, úr 22 í 50.

Þætt er við byggingarætti (A2) í lóðina. Innan byggingarættis er heimilt reisa vöðbyggingu við hóteli á þeimur hæðum auk kjallara. Takgerð skal vera einhalla eða flatt þak. Hámarks byggingarmagn vöðbyggingar er 1.500 m² og skal hæð hennar vera að hámarki 9,6 m yfir gólfhæða 1. hæðar núverandi byggingar. Þess utan er leyflegt að stígaðis með lyftustöki verði 1,0 m hærra en aðliggjandi bygginga hlutar.

Stærktungin innan byggingarættis er fjákl.

Bygginga reitur fyrir byggingu neðanjarðar fellur út.


Sí lóð er sett í lóðina að aðkomu akandi umferðar er um hana að lóð taldsvæðis og aðkomu akandi umferðar að bílastæðum og bílarkjallara á lóð Þingvallastrætis 23 - Heilsgæsla.

Nýtingarklutfalli lóðarinnar lækkar úr 0,015 í 0,080.

Þingvallastræti 23 - Heilsgæsla
 Lóð bílastæðis norðan tjaldsvæðis breytist í lóð fyrir heilsgæslu. Lóðin fær númerið Þingvallastræti 23. Lóðin minnkar um 196 m² (minnkar til austurs en stækkar til suðurs), úr 3.782 m² í 3.586 m². Við stækkunina fækkar bílastæðum innan lóðar (sjá jarðar) um 81, úr 116 í 35. Kvöld um gegnumakstur á lóðinni fellur úr.

Þætt er við byggingarætti (C1) í lóðina. Innan byggingarættis er heimilt reisa byggingu í þeimur hæðum. Takgerð skal vera einhalla eða flatt þak. Hámarks byggingarmagn er 1.800 m² og skal hæð byggingar vera að hámarki 7,4 m yfir gólfhæða 1. hæðar. Þess utan er leyflegt að stígaðis með lyftustöki verði 1,0 m hærra en aðliggjandi bygginga hlutar.

Stærktungin innan byggingarættis er fjákl.



HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030


SKYRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LODMARK
- HÖNDURD EYINGRINKA
- BYGGINGARREITUR
- BYGGINGARREITUR BLAKJALLARA
- HÖN. BYGGINGARREITUR HEILSGÆSLA
- BYGGINGARREITUR HEIMILT ER AÐ FANLUSLAG
- KVÖÐ UM AKSTURKÖLD
- KVÖÐ UM GRÖÐUR
- KVÖÐ UM STUÐVÖGNNAKLU
- ÖÐUR
- GÖNGUSTÍGAR / STETTAR
- GANGBRAUTIR / LUPPHÖKUN
- STOFNLOKAHTAVITEL NÝBIRGRAFI
- HÁFERNISSTRENGUR, KVÖÐ INNANLÓÐA
- FÁRERNISSTRENGUR KVÖÐ INNAN LÓÐA
- GRÖNG
- HÖNDURDÍLSTÆÐI FJÖLDI STEDA
- KVÖÐ UM BLASTÆFI FJÖLDI STEDA
- TRÁGRÖÐUR
- LODMARK
- NÝTINGARKLUTFALL
- MENNISMERI
- HELDARSTÆÐ
- FJÖLDI HEDA
- HÁMARKSHED

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 1. MGR. 43 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 FR. 28/8 TIL 9/6 2021 VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN 1/2 2021

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN



BREYTT DEILISKIPULAG - SNÍÐ AÚSUR-VESTUR - 1:500 (AÐEINS TIL SKYRINGAR)

SKV.VERK\10003-TJALDSV-REITUR-DSK\TEIGN\2\DWG\TJALDSV-REITUR-PL.DWG

Aðrar stefnur Akureyrarbæjar

Horft er til annarra stefna sveitarfélagsins eftir því sem við á, s.s:

- Umhverfis- og loftslagsstefna Akureyrarbæjar
- Umhverfis- og samgöngustefna
- Byggingarlistarstefna Akureyrarbæjar
- Aðrar stefnur eftir því sem við á



GRÆNT SKIPULAG

- Þetta byggð, sérstaklega með endurskipulagningu á svæðum eins og Eyrinni og miðbænum
- Byggja upp þjónustu og störf í öllum hverfum
- Taka tillit til gangandi í skipulagi, t.d. með stígum á milli húsa þar sem götur eru langar

ÞÉTTING BYGGÐAR

Uppbygging og viðhald bygginga og innviða er afar kostnaðarsamt. Með þéttingu byggðar nýtast þau grunnvirki sem nú þegar eru til staðar mun betur, þar sem fleiri íbúar geta nýtt hvern kílómetra af innviðum en áður. **Með þéttingu byggðar sparast því umtalsverðar upphæðir**, meðal annars í götusópun og hálkuvörnum. Þar að auki skilar þétting byggðar sér í mun betri landnotkun. Vegalengdir eru styttri í þéttari byggð, sem styður við notkun vistvænni og skilvirkari ferðamáta.

Vert er að benda á þann lærdóm sem heimsfaraldurinn Covid-19 hefur haft í för með sér. Minni umferð og þar af leiðandi hreinna loft voru afleiðing smitvarnaráðstafana víðs vegar um heim, og fengu íbúar að upplífa heimkynni sín á nýjan hátt. Í ljós kom að fjarfundir gátu vel leyst hefðbundna fundi af hólmi. Margir uppgötvuðu kosti þess að vinna heima, sem meðal annars léttir umferðarpunga. Borgir og bæir víðs vegar um heim hafa gert ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja næga fjarlægð milli fólks, meðal annars lokað götum fyrir bílaumferð eða breikkað gangstéttir. Mikilvægt er að draga lærdóm af þessu tímabili, með það að markmiði að skapa enn lífvænlegra og öruggara samfélag.



BREEAM vottun

Alþjóðlega vistvottunarkerfið BREEAM Communities er í auknum mæli nýtt til þess að vistvotta skipulagsáætlanir

- Tryggja að allir þættir sjálbærar þróunar samþættist í gegnum hönnun
- Ákvarðanir með grunn í “Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun”
- Orkustefnu, veitur, blágrænar lausnir, umferð, hljóðmengun o.fl.
- Kolefnisspor og orkusparnaður að leiðarljósi
- Tjöldum ekki til einnar nætur á tjaldsvæðisreitnum. Ákvarðanir og hönnun á tjaldsvæðisreitnum þurfa að hafa skýra, öfluga og sveigjanlega ramma til þess að taka á móti því sem framtíðin ber í skauti sér.
- Líta lengra en þarfir dagsins í dag.

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Fyrstu skref

Próum tillögu

Vinnsla á tillögu

- Sýn og markmið
- Mátanir - byggðarmynstur, röðun húsakroppa.
- Áherslur og markmiðarsetning út frá ábendingum
- Greiningar: Sól / vindur / dagsljós
- Landslag
- Breeam: Tryggja góðar ákvarðanir gegnum ítarlegri greiningar með sérstaka áherslu á sjálfbærni, orkustefnu, veitur, blágrænar lausnir , umferð, hljóðmengun o.fl.

Samráð við umsagnaraðila og nærliggjandi starfsemi:


- Skipulagsnefnd
- Lóðarhafar: Krambúðin og hótelið
- Framkvæmdasýsla ríkisins
- Norðurorka
- Umhverfis- og mannvirkjaráð: Þjónusta og þróun, umhverfis - og sorpmál, viðhaldsdeild, nýframkvæmdir og viðhald gatna.,



Samspil við nærliggjandi byggð

Helstu einkenni nærliggjandi byggðar:

- 2 til 3 hæðir
- Valmapök
- Mænispök
- Einhalla þök
- Einkennandi byggð



Norðurbyggð 1



SUDUR

Hrafnagilsstræti 19




AUSTUR


Pórunnarstræti 97

Tillagan

Tjaldsvæðisreiturinn - tengingar




Þverásar



Ný byggð í almenningsgarði:

Að byggja ofan á það sem gott er. Tryggja að núverandi þvertengingar yfir reitinn styrkist og verði öruggar.


Grænn ás



Ný byggð í almenningsgarði:

Grænn ás tengir svæðið við tvö flott græn almenningsvæði; Hamarkotstún og Lystigarðinn.

Præðir




Markmiðið er að tengja svæðið enn betur við bæinn og tryggja öryggi fyrir alla. Nýjar tengingar og almenningssvæði munu fá ólíkan karakter í gegnum hönnun, efnisval og starfsemi.

Afstöðumynd

Markmið:

- Hverfi: Hanna svæði þar sem allir eru velkomnir
- Falleg ný byggð í almenningsgarði
- Grænn og gróinn reitur sem tengist stíganeti bæjarins
- Góð viðbót fyrir Akureyri, styrkir nærumhverfið og bæinn
- Bíllaus svæði á milli húsa - öruggt svæði
- Sólrík leiksvæði í góðu skjóli
- Íbúðir eiga alltaf að hafa fleiri en eina húshlið að dagsbirtu
- Íbúðir fyrir öll
- Bætt umferðaröryggi með umbreyttum þverunum
- Vistvænar leiðir í orkunýtingu og efnisvali, bæði í ásýnd og byggingarefni



Afstöðumynd

Lykilupplýsingar:

- Fermetrar íbúðir: 18.000 m²
- ~ 180 til 200 íbúðir
- Fermetrar verslun/þjónusta: 1.150 m²
- Fermetrar sveigjanlegt rými: 750m²
- Þórunnarstræti 99: 945 m²
- Samtals: 20.845 m²
- Tjaldsvæðisreitur - Lóð: 17.887 m²
- Nýtingarhlutfall ofanjarðar: ~1.15

Sameiginlegur bílakjallari - keyrt inn frá Byggðavegi


- Bílastæðakjallari: ~9.700 m²
- ~ 275 stæði

Samsíða bílastæði:


- 26 stæði

Bílastæði á yfirborði - inn á reit:

- 29 stæði í nýrri tillögu
- 70 stæði við heilsugæslu og hótél



Afstöðumynd 1:1000



Áherslur



Leiksvæði á góðum svæðum. Virkni allan ársins hring.



Vatn, blágrænar ofanvatnslausnir verða hluti af landslagshönnun og hvetja til leiks.



Íbúðarhús í almenningsgarði.



Dvalarsvæð í notkun allan ársins hring



Grænt yfirbragð á milli húsanna



Staðbundnar jurtir verða notaðar í landslagsrýmum.



Félagsleg samskipti, gróðurhús, óformlegir fundir fólks



Einkennandi húsform sem aðlagast núverandi byggð


Meðhöndlun ofanvatns

Vatn sem auðlind í borgarrými


1. Græn þök
2. Regnbeð – vatn er leitt frá þökum og lóðum að regnbeðum sem er raðað meðfram stígum í gegnum reitinn.
3. Ofanvatnsrásir – regnbeð hafa yfirfall í ofanvatnsrás sem flytur vatn ofanjarðar milli beða og að næstu lausn í keðju.
4. Tjörn – vatn sem ekki síast í jarðveg rennur í steypa eða landmótaða tjörn sem er aðalega ætluð sem miðlunar geymir til að uppfylla BREEAM kröfur um afrennsli af lóð.

Markmið:

- Nýta regnvatn sem auðlind/gæði
- Gegndræpt yfirborð, græn þök, regnbeð, tjarnir, rennur, gróður
- Styrkir líffræðilega fjölbreytni í borgarrými



Rýmin milli bygginga



Rýmis- og skjólmyndun:

Ný græn almenningsrými í mannlegum kvarða. Grænt heildaryfirbragð. Miðlunartjarnir og settjarnir fyrir leik og upplifun, ýta undir fjölbreyttara lífríki auk þess að tjarnir taka virkan þátt í regnvatnskerfi svæðisins.



Horft í átt til austurs:

Við horfum í átt að Þórunnarstræti og það sést glitta í núverandi byggð meðfram Skólastíg.

Myndin sýnir hvernig nýjar byggingar mynda dvalarsvæði sín á milli í mannlegum kvarða, með grænu yfirbragði og góðum tengingum við nærumhverfi sitt. Þjónusturými og íbúðir á 1. hæð hjálpa til með að glæða dvalarsvæðum lífi.

Rýmin milli bygginga




Escherpark - Zurich



Stjernehaven - Fredrikstad


Blönduð byggð



Nýbyggingar:

- Íbúðir: 18.000 m²
- ~ 180 til 200 íbúðir
- Verslun/þjónusta: 1.150 m²
- Sveigjanlegt rými: 750 m²
- Samtals: 19.900 m²

Bílakjallari



● Sameiginlegir inngangar

○ Innkeyrslur

● Kjallari

• ~ 9.700 m²

• 2 hæðir að hluta

• ~ 275 stæði (9.700 m² / 35 m² = 275)

Akfær stígur



● Akfær stígur

Upphitaðir stígar





● Upphitaðir stígur

● Snjóhleðslusvæði




Sneiðing



Pórunnarstræti - lifandi göturými með fjölbreytta notkun

Uppbygging Pórunnarstrætis frá Tjaldsvæðisreit að íþróttahöll:



- 2 m sérafnotareitur innan lóðamarka
- Göngu- og hjólastígur: 5.0 m
- Svigrúms-svæði: 1.0 m. Hlutverk þessa er að forðast árekesturs milli gangandi- / hjólandi vegfarenda og opinnar bílhurðar frá bíl sem er lagður í samsíða stæði.
- 2.5 m belti sem getur tekið á mót:
 - samsíða bílastæðum
 - djúpgámum
 - strætó
 - o.fl.
- 2 akreinar, 7.0 m
- 1.0 m grænt belti (svigrúm)
- Göngustígur: 2.5 m.




Byggðavegur

Uppbygging Byggðavegar frá Tjaldsvæðisreit að núverandi byggð í vestan við reitinn

- 2 m sérafnotareitur innan lóðamarka
- Sameiginlegur göngu- og hjólastígur: 3.0 m
- Svigrúms-svæði: 1.0 m. Hlutverk þessa er að forðast áreksturs milli gangandi- / hjólandi vegfarenda og opinnar bílhurðar frá bíl sem er lagður í samsíða stæði.
- 2.5 m belti sem getur tekið á móti:
 - samsíða bílastæðum
 - djúpgámum
 - o.fl.
- 2 akreinar, 6.0 m.
- Göngustígur: 2.0 m.



Íbúðir á jarðhæð



Upphækkuð jarðhæð með rausnarlegum sérafnotareitum og gróðri sem mynda skil milli einkarýma og almenningsrým/göturýmis.



D36 í Osló

Sólarstundir
Dagsbirtugreining
Vindgreining

Sólarstundir - viðmið

Sólarstundir á Tjaldsvæðisreitnum á vorjafndægri:

- Sólarupprás 08:12
- Sólsetur 18:06
- Sólarstundir 9 klst og 54 mín.

Heimild: suncurves.com

Viðmið

Aðalskipulagi Reykjavíkur segir um yfirbragð blandaðrar byggðar:

Mælt er með því að meira en helmingur leiksvæðis barna og annarra dvalarsvæða utandyra, innan lóða sem og á sameiginlegum svæðum, geti notið sólar að lágmarki í 5 klukkustundir þann 1. maí (milli kl. 09 og 17). Mögulegt er þó að vikja frá þessu viðmiði ef sýnt er fram á nálægð við vönduð og sólrik útisvæði í næsta nágrenni.

Gæðakröfur í Prándheim fyrir dvalarsvæði: (Akureyri: 65°41'02" N, Prándheimur: 63°43'05" N)

Sameiginleg útivistarsvæði verða að virka sem óformlegur samkomustaður.

Hönnun dvalarsvæða eiga að leggja áherslu á:

- Að dvelja, félagsvist, afþreyingu og leik/leiki þvert á aldurshópa og færni.
- Dvalarsvæði skal komið fyrir þannig að meginhluti svæðisins fái sem mest sólarljós.
- Sameiginlegt dvalarsvæði þarf í upphafi að koma fyrir á þeim hluta lóðar sem fær bestu sólaraskilyrði.
- Sérstaklega er mikilvægt að sameiginleg dvalarsvæði séu í sól síðdegis og á kvöldin því það er tímabilið sem íbúar eru hvað mest úti.

Útdráttur yfir minnstu kröfu dvalarsvæða (Prándheimur):

- Svæðið verður að vera eins samfelld og hægt er og forðast of smá eða mjó svæði.
- Öll íbúðarhúsnæði skulu vera með örugga göngufjarlægð, að hámarki 100 metra að næsta hluta af útivistarsvæðis.
- Að minnsta kosti helmingur svæðisins verður að hafa sól í að minnsta kosti 4 klukkustundir við vorjafndægur (21.mars) klukkan 12, og á að minnsta kosti hálf svæðið klukkan 18 á miðsumri (21. júní).




Greining á sólarstundum

Spacemaker - sólarstundagreining

Skýringarmyndin sýnir sólarstundir á öllu svæðinu.


50% útisvæðisins hefur 5.9 klukkustundir í sól, miðað við dagsetninguna 1. maí og á tímabilinu 09:00 og 17:00.



May 1 09:00 - 17:00

Facade

Ground



Roof


Surrounding buildings

Dagsbirtugreining


Spacemaker - Dagsbirtugreining

Skýringarmyndir sýna dagsbirtu á öllum húsaflíðum. VSC greining mælir hversu mikil dagsbirta berst til framhliðanna, miðað við tiltæka birtu á láréttu óhindruðu yfirborði. VSC skorið er gefið upp sem hundraðshluti þar sem hámarkseinkunn er ~40%.

- Erfitt að uppfylla fullnægjandi dagsljós í íbúðum
- Stærri gluggar eða breytingar á innra skipulagi íbúðarinnar þarf til að fá fullnægjandi dagsbirtu - oft leysist það með hærri lofthæð á 1. hæð og/eða íbúð á tveimur hæðum
- Fullnægjandi dagsbirta er uppfyllt með “hefðbundnum” gluggum



Suðvestur horn



Suðvaustur horn

Vindþægindi

Hvað er vindþægindi (wind comfort) fyrir gangandi vegfarendur?

Vindþægindi gangandi vegfarenda segja til um vindskilyrði á jörðu niðri og hvernig þau hafa áhrif á upplifun og aðstæður fólks.

Í stuttu máli, vindgreiningin notar háþróaða vökvafræði (fluid mechanics) til að finna vindgöng og hvirfla af völdum byggingar og landslags. Þægindagreiningin notar þessar niðurstöður til að meta hversu þægilegar aðstæður í götum/rýmum eru fyrir fólk.

Flestar þægindavogir eru byggðir á huglægu mati. Til dæmis er óþægilegt að sitja einhvers staðar í langan tíma ef vindurinn veldur því að servíettur fljúga af borðinu, á meðan að fara í göngutúr í sama veðri er ekkert vandamál.

Skýringarmyndirnar sýna svokallaða Lawson LDDC þægindavog.

Að standa er óþægilegt ef meðalvindhraði er meira en 4 m/s í meira en 5% tímans. Gangandi þola hærri meðalvind eða, 8 m/s í 5% tilvika.

(Spacemaker , Autodesk Forma)


Vindþæginda-greining getur verið hjálplegt verkfæri við ákvarðantöku í skipulagi, t.d. m.t.t. staðsetningar dvalarsvæða, útisvæða veitingastaða og leiksvæða.

■ *Sitting (sitjandi):* 2,5 m/s, 5%


■ *Strolling (röltandi):* 6,0 m/s, 5%

■ *Standing (standandi):* 4,0 m/s, 5%

■ *Walking (gangandi):* 8,0 m/s, 5%



Núverandi aðstæður



Tillaga

Vindátt


Spacemaker - Vindátt Suðaustur

Skýringarmyndirnar sýna tilgefna vindátt (frá vindrósi) og hvernig hönnun hefur áhrif á vindinn inn á svæðinu. Vindhraða-vog er undir hverri mynd og tákna litirnir vindstyrk í metrum á sekúndu.


Gögn fást frá Global Wind Atlas

<https://globalwindatlas.info/en/about/introduction>

(Spacemaker, Autodesk Forma)



Núverandi aðstæður



Tillaga

Vindátt

Spacemaker - Vindátt Norður


Skýringarmyndirnar sýna tilgefna vindátt (frá vindrós) og hvernig hönnun hefur áhrif á vindinn inn á svæðinu.

Vindhraða-vog er undir hverri mynd og tákna litirnir vindstyrk í metrum á sekúndu.


Gögn fást frá Global Wind Atlas

<https://globalwindatlas.info/en/about/introduction>

(Spacemaker, Autodesk Forma)



Núverandi aðstæður



Tillaga

NÆSTU SKREF

- Viðbrögð fundarins í dag
- Forkynning - tillaga í vinnslu: Kallað eftir frekar ábendingum og innleggi. Bæði frá hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum
 - Í millitíðinni er alltaf hægt að koma ábendingum áleiðis á:
skipulag@akureyri.is



Nordic
Office of
Architecture

fyrir



nordic